

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 207/2023

2024/EES/35/18

frá 22. september 2023

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/443 frá 8. febrúar 2023 um breytingu á reglugerð (ESB) 2017/1151 að því er varðar gerðarviðurkenningaraðferðir vegna losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 45zzv (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151) í I. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„— **32023 R 0443**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/443 frá 8. febrúar 2023 (Stjtið. ESB L 66, 2.3.2023, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er EES-samninginn varðar, aðlöguð sem hér segir:

Þrátt fyrir ákvæði bókunar 1, er orðunum: „eða Eftirlitsstofnun EFTA að því er varðar framleiðendur með staðfestu í EFTA-ríkjunum“ bætt við á eftir hugtakinu „framkvæmdastjórnin“ í níundu undirgrein 11. mgr. 5. gr., 5. og 7. mgr. 9. gr., lið 7.10 í 7. hluta II. viðauka, liðum 7.7.2.2. og 7.7.2.3. í 7. hluta viðauka IIIA og fyrstu undirgreinar liðar 1.1.2. viðbætis 1 við XI. viðauka.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2023/443, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. september 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2022 frá 18. mars 2022 ⁽²⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 66, 2.3.2023, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 182, 12.12.2022, bls. 19 og EES-viðbætur nr. 45, 7.7.2022, bls. 8.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður